

fjárnámsgjörðinni eigi tekin til greina, og ber því að staðfesta hana svo og hinn áfrýjaða úrskurð.

Málskostnað fyrir yfirdómi ber stefnda eftir þessum áhrslitum að greiða áfrýjanda og ákveðst hann 25 krónur.

Því dæmist rétt vera:

Gagnsókn Einars M. Jónassonar í þessu máli vísast frá yfirdóminum. Hinum áfrýjaða úrskurði og fjárnámsgjörð skal óraskað. Stefndi Guðmundur Jónasson greiði áfrýjanda Hannesi Thorsteinson fyrir hönd Salomon Davidsens 25 krónur í málskostnað.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans að viðlagðri lagaáðför.

Mánudaginn 7. dag nóvembermán.

Nr. 16/1910:

Hreppsnefnd Patrekshrepps
 gegn
 Jóni G. Ólafssyni.

D ó m u r:

Haustið 1909 lagði hreppsnefndin í Patrekshreppi aukaútsvar, að upphæð 42 kr., á hinn stefnda, skipstjóra Jón G. Ólafsson, og er stefndi eigi vildi greiða útsvarið

góðmótlega, krafðist hreppsnefndin lögtaks á því, og var það framkvæmt af hreppstjóra Patrekshrepps 24. febrúar þ. á., en gegn mótmælum stefnda. Lagði síðan fógæti 19. marz þ. á. þann úrskurð á um hin framkomnu mótmæli, að lögtaksgjörðin skyldi úr gildi numin og hið lögtekna leyst úr lögaldinu.

Þessum fógætaúrskurði hefir hreppsnefnd Patrekshrepps áfrýjað til yfirdómsins með stefnu dags. 8. ágúst þ. á., og hefir þess verið krafist hér fyrir réttinum af hennar hendi, að fógætaúrskurðurinn verði úr gildi feldur, að stefnda verði gjört að skyldu að greiða hreppsnefndinni umrætt útsvar, 42 kr., og málskostnað fyrir báðum réttum eftir mati yfirdómsins, og að lagt verði fyrir hlutaðeigandi fógæta, að framkvæma hið umbeðna lögtak. Hinn stefndi hefir aftur á móti krafist þess, að máli þessu verði vísað frá rétti eða fógætaúrskurðurinn verði staðfestur í öllum greinum, og að áfrýjandi verði, hvernig sem málið fer, dæmdur í málskostnað.

Að því er frávisunarkröfu stefnda snertir, þá byggir hann hana á því, að áfrýjunarstefnan hafi verið birt á Patreksfirði (Vatneyri), en hann eigi lögheimili í Sauðeyjum í Barðastrandarhreppi, og sé stefnubirtingin því ólögleg. Það er þó ekki annað eða frekara fram komið í málinu um heimilisfang stefnda í Sauðeyjum, en að stefndi, sem er einhleypur maður, hefir um nokkur ár látið skrifa sig þar til heimilis, en hann hefir haft húsavist og verið á fæði síðan 1907 á heimili því á Vatneyri, þar sem stefnan var birt, þann tíma ársins yfirleitt, sem hann hefir verið í landi, en hinn tíma ársins hefir hann verið skipstjóri á fiskiskipi, er gjört hefir verið út frá Patreksfirði. Í áteiknun stefnuvottanna á stefnunni er

einnig vottað, að birtingin hafi fram farið á heimili stefnda þótt í fjarveru hans væri, og þar sem stefndi hefir fengið vitneskju um stefnubirtinguna og látið mæta í yfirréttinum eftir henni, virðist mega líta svo á, að hann hafi fengið löglega tilkynningu um áfryjun málsins. Frávísunarkrafa stefnda verður því eigi tekin til greina.

Eins og áður er tekið fram, var með fógetaúrskurði þeim, er áfryjað er í máli þessu, felt úr gildi lögtak hjá stefnda fyrir 42 kr. aukaútsvari til Patrekshrepps, er hreppsnefndin þar hafði lagt á stefnda fyrir fardagaárið 1909—1910. Stefndi taldi útsvar þetta ólöglega á sig lagt, þar sem hann væri eigi og hefði eigi verið heimilisfastur í Patreksfirði, en ætti lögheimili í Sauðeyjum í Barðastrandarhreppi og gyldi því þar öll lögboðin gjöld, þar á meðal aukaútsvar til hreppsjóðs, og á þessa skoðun stefnda félst fógétinn í hinum áfryjaða úrskurði. Áfryjandinn heldur því aftur á móti fram, að gjaldið sé réttilega álagt samkvæmt 36. gr. sveitarstjórnarlaganna 10. nóvbr. 1905, þar sem stefndi hafi haft lögheimili eða fast aðsetur í Patrekshreppi greint fardagaár. Í þessu tilliti er það upplýst í málinu, að stefndi, sem er einhleypur maður, kom til Patreksfjarðar 1906 eða 1907, og hefir síðan á hverju ári verið skipstjóri á fiskiskipi, er þaðan gengur til fiskiveiða, en á veturna hefir stefndi haft fæði og húsnæði á sama heimilinu á Vatneyri og dvaldi þar yfirleitt stöðugt meðan skipið stóð uppi, er hann var skipstjóri á, og hefir hann þá haft atvinnu ýmist við skipið sjálft, umbúnað og ræsting þess að haustinu og útbúnað þess að vorinu, eða þá við seglasaum eða annað er fyrir féll. Í Sauðeyjum í Barðastrandarhreppi á stefndi föðurbróður, en hefir aldrei dvalið þar langdvölum, hvorki

Þetta síðastliðna ár (1909—1910), né fyrirfarandi ár, og að eins farið þangað stöku sinnum, að því er virðist í heimsókn til frændfólks síns; síðastliðið fardagaár var hann þar lengst, og var þá fjarverandi frá Vatneyri tæpan mánaðartíma, frá 19. desember 1909 til 17. janúar 1910. Yfirhöfuð er ekkert fram komið í málinu, er sýni að stefndi hafi átt lögheimili í Sauðeyjum fardagaár það, er hér ræðir um, nema hvað það er vottað af hreppstjórum Barðastrandarhrepps og Patrekshrepps, að stefndi hafi skýrt þeim frá, að hann teldi sig búsettan í Barðastrandarhreppi, en þetta er eigi nægilegt til að ráða úrslitum þessa máls, þar sem öll atvik virðast benda í gagnstæða átt, en eftir framanskráðri lýsingu á dvöl stefnda í Patreksfirði, verður að telja hann hafa haft fast aðsetur á Vatneyri í Patrekshreppi umrætt fardagaár, án þess það komi nokkuð til greina í því tilliti, hvernig hann samdi um borgunina fyrir húsavist og læði þar á Vatneyri, hvort hún átti að teljast fyrir þá dagatölu að eins, er hann notaði þetta hvorttveggja, eða fyrir ákveðið tímabil.

Það verður samkvæmt þessu að líta svo á, að aukaútsvar það, 42 kr., er hreppsnefnd Patrekshrepps lagði á stefnda, sem heimilisfastan í Patrekshreppi fardagaárið 1909—1910, hafi verið réttilega á lagt, og að hinn áfrýjaði fógetaúrskurður hafi því eigi verið á rökum bygður. Ber því að fella úrskurð þenna úr gildi og skylda fógetaan til að framkvæma lögtak það hjá stefnda á nefndu aukaútsvari, er um var beðið af hreppsnefnd Patrekshrepps. Hinum stefnda ber eftir þessum úrslitum málsins að greiða áfrýjandanum í málskostnað 30 krónur.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði fógetaurskurður er úr gildi feldur, og ber fógetanum að framkvæma eða láta framkvæma hið umbeðna lögtak. Í málskostnað greiði stefndi, Jón G. Ólafsson skipstjóri á Vatneyri, áfrýjandanum, hreppsnefnd Patrekshrepps, 30 krónur, er lúkist innan 8 vikna frá lögbirting dóms þessa, að viðlagðri lagaaðför.

Nr. 48/1910:

Kristján Jónasson

gegn

Ólafi Finnssyni f. h. Finns Ólafssonar.

D ó m u r:

Í máli þessu var áfrýjunarstefna útgefin í skrifstofu yfirdómsins 4. ágúst þ. á. og átti málið samkvæmt stefnunni að koma fyrir yfirdóminn 31. f. m., en þá mætti áfrýjandi eigi enginn af hans hendi. Aftur á móti kom í réttinn greindan dag Sveinn Björnsson yfirréttarmálaflutningsmaður og krafðist fyrir hönd stefnda bóta hjá áfrýjanda fyrir að mæta að óþörfu í málinu. Þessa kröfu ber að taka til greina samkvæmt N. L. 1—4—34 og dæma áfrýjanda til að greiða stefnda 6 kr. í ómaksbætur.

Því dæmist rétt vera:

Áfrýjandinn Kristján Jónasson greiði stefnda,